

Eru Íslendingasögur mannfræðilegar heimildir?

Á undanförunum tveimur áratugum hefur vaknað áhugi nokkurra mannfræðinga beggja vegna Atlantshafs á íslensku fornsögunum, og hafa þeir talið að þar væri að finna lykil að ýmsum fyrirbærum í íslensku samfélagi fyrstu aldirnar eftir landnám. Hafa nokkrir þeirra gengið svo langt að telja að þar sé að finna skýringar á þróun samfélags á Íslandi frá því um landnám á ofanverðri niundu öld og fram að 1262 er landið tengdist Noregskonungi.

Varla er ofmælt að þessi áhugi hafi fyrir alvöru vaknað er Victor W. Turner birti greinina *An anthropological approach to the Icelandic saga* í ritinu *The Translation of Culture*, sem T.O. Beidelman gaf út 1971. Þar segir Turner m.a.: *The [sagas] texts are many and rich and full of the very materials that anthropologists rejoice in when vouchsafed to them by informants in the field...[The] sagas [are] nothing but connected sequences of social dramas*".

Þessi yfirlýsing Turners hefur oft verið rifjuð upp af þeim sem telja að sögurnar séu fyrst og fremst frásagnir um samfélagslegar staðreyndir, félagsleg átök, duldar eða augljósar útlekkingar á 'raunveruleika'.

Enda þótt Turner sé einna fyrstur úr hópi mannfræðinga til þess að vekja athygli á hvernig túlka má Íslendingasögur í samræmi við rannsóknaraðferðir mannfræðinga, þeirra sem einkum fást við að kanna félagsleg tengsl innan samfélagsins, þá hafa ýmsir, bæði sagnfræðingar, málfræðingar og bókmenntafræðingar, bent á fjölmörg félags atriði sem lesa megi út úr hinum fornu textum.

Það sem olli því að Turner varð nokkurs konar guðfaðir hinnar nýju rannsóknaraðferðar er tengist Íslendingasögunum var að hann er í hópi þekktra mannfræðinga á hefur lagt margt merkilegt af mörkum við rannsóknir á helgisíðum og þýðingu þeirra fyrir samfélagið. Ekki er þó alveg ljóst hvort skilja beri orð Turners svo að í sögunum sé ekkert að finna nema "*sequences of social dramas*". Orð hans verður þó að skilja þannig, að þar sem sögurnar fjalli um átök í samfélaginu gefi þær tilefni til að kanna eðli og birtingarform þessara átaka, og þar af leiðandi sé unnt að nota þær eins og mannfræðingurinn notar þær upplýsingar sem hann safnar hjá þjóðflokki eða menningarhópi til þess að draga ályktanir um samfélagsgerðina og þau lögmál sem þar ríkjá.

'Hinn félaglegi veruleiki' birtist í sögunum. Og sá veruleiki verður lesinn eftir aðferðum Claude Lévi-Strauss sem hann notar til að greina goðsögur.

Kirsten Hastrup hefur fjallað ítarlegar en aðrir mannfræðingar um þjóðveldistímann og framvindu samfélags á Íslandi frá landnámi til

Gamla sáttmála. Um það skrifaði hún doktorsritgerð sína sem út kom 1985 og nefnist *Culture and History in Medieval Iceland*. Fimm árum síðar kom svo út rit hennar *Nature and Policy in Iceland 1400-1800. An Anthropological Analysis of History and Mentality*.

Enginn mannfræðingur hefur til þess gengið svo hreint til verks sem Hastrup, en hún notar ekki Íslendingasögur fyrst og fremst sem heimildir heldur er hún þaukunnug flestum sagnfræðilegum og bókmenntalegum heimildum sem til eru um þjóðveldistímann. *Culture and History in Iceland* fjallar um heimsmynd Íslendinga og hvernig hún tengdist samfélagsgerð og samfélagsþróun, og þeim sem íslenska þjóðin stóð gagnvart þegar of langt bil var orðið á milli hugmynda og veruleika.

Rannsóknir Hastrup eru ítarlegri og reyndar metnaðarfullri en rannsóknir annarra mannfræðinga til þessa. Gísli Pálsson hefur í formála að safni erinda sem flutt voru á mannfræðiráðstefnu í Reykjavík 1991 orðað nokkur veigamikil atriði sem mannfræðingar fást við í tengslum við rannsóknir á Íslendingasögum:

"...saga-oriented ethnography emphasizes the comparative record more than the sagas and seek to identify and explore rather general questions, similarities and differences in both social formation and evolutionary change. This approach not only contributes to saga studies, it may also bring new insight to 'classic' areas of anthropological research" (Gísli Pálsson, 1992:5).

Þarna er því beinlínis haldið fram að viðfangsefnið sé m.a. að bera saman þjóðfélagsgerð á söguöld og frumstæð samfélög á vorum tímum og leitast við að finna sameiginleg einkenni menningar og félagslegrar hegðunar. E. Paul Durrenberger hefur einnig lýst viðfangsefninu á skýran hátt:

"If we read the family sagas and Sturlunga saga for their patterns, to understand the political and economic systems that produced them and the assumption upon which they are based in terms of what we know from anthropology about other such societies, we can build a picture of the society of the time and how it evolved from the first chieftains who settled on the island to the chaos of the Sturlunga times and its incorporation into Norway" (Durrenberger, 1992:15). En að álitu Durrenbergers eru Íslendingasögurnar ekki sagnfræði né heldur listaverk heldur *"articulations of 'totemic operator', ... an overarching classification system which organizes all experience into an integrated whole of which one can locate anyone or anything relative to all other beings, things or forces"* (sama rit, bls. 101).

Ekki er alveg ljóst hvort 'totemic operator' er einungis nýtt heiti á þeim innviðum sem móta menningu og samfélag í eitt mót, eða hvort átt er við kerfi til að flokka fyrirbæri í samfélaginu. Samkvæmt orðanna hljóðan er eðlilegt að ætla að átt sé við hið fyrra. Íslendingasögurnar eru því að mati Durrenbergers fullgild dæmi um inntak menningar á Íslandi á þjóðveldisöld. Það er í sjálfu sér ekki umdeilanlegt að sögurnar fjalla ekki aðeins um þá atburði sem sagt er frá heldur er hægt að lesa margt út úr þeim um ýmsa þætti félagslegs atferlis, ekki aðeins á þeim tíma sem sögurnar eru festar á bókfell heldur einnig á fyrri tíð. Hin mannfæðilega aðferð er þá fólgin í því að bera saman þær "félagslegu staðreyndir (social facts)" sem birtast í sögunum og svipuð fyrirbæri hjá öðrum menningarhópum. Þeir sem rituðu Íslendingasögurnar voru vissulega bundnir af eigin menningu á mörgum sviðum. Hugmyndir um heimsfræði (cosmogony) skiptu miklu máli eins og Hastrup bendir á í ritum sínum, trúarbrögð, bæði það sem enn var lifandi af eldri trú, (sem væntanlega birtist einkum sem þjóðtrú), og hin alþjóðlega kristni sem hafði mótað íslensku þjóðina um nær þriggja alda skeið er sögurnar voru ritaðar, og ekki síður viðteknar hugmyndir um samskipti fólks, þ.e. lög og reglur, mynduðu munstur menningar höfunda Íslendingasagna. Enginn kemst út fyrir eigin menningu, en það er mögulegt að 'skilja' menningu annarra, a.m.k. er það forsenda mannfæðilegra rannsókna!

Áður en vikið er að því hvort mannfæðingar geti 'notað' Íslendingasögur sem mannfæðilegar heimildir (ethnographic texts) er nauðsynlegt að taka fram að um langt skeið hafa sagnfræðingar og bókmenntafræðingar talið að sögurnar spegli veruleika samtíma síns. Nægir í því sambandi að nefna rannsóknir Barða Guðmundssonar og nú nýlega kom út merkilegt rit eftir Bjarna Guðnason um hvernig túlka megi Heiðarvígasögu. Preben Meulengracht-Sørensen segir um þetta: "...*saga-reality, created through literature about the past, is of the same nature as the reality presented in ethnography*" (Meulengracht-Sørensen 1992:41).

Hér er það hugtakið *veruleiki* sem allt snýst um. Hinn félagslegi veruleiki er samsafn fjölmargra þátta atferlis og samskipta einstaklinga og hópa. Það er nánast sama hvar gripið er niður, alls staðar verða fyrir forvitnileg atriði sem unnt er að bera saman við önnur atriði annars staðar í heiminum. En hvort unnt er að draga af mörgu þessa viðtækar ályktanir um heildareinkenni viðkomandi menningar er önnur saga. Mikinn kjark þarf til þess að lýsa flóknu ferli atburða með því að vísa til örfárra atriða sem talin eru vera fullgild rök fyrir tilteknum atburðum. Ég minni hér t.d. á þá niðurstöðu Durrenbergers að á þjóðveldisöld hafi Íslendingum mistekist að halda uppi reglu þar eð þeir

studdust ekki við stofnanir ríkis. "That they failed is a consequence of the inherent contradictions of the system they had brought with them from Norway and tried to perpetuate in Iceland" (1992:IX-X).

Hér er mikið fullyrt, og sama máli gegnir um niðurstöður Hastrup um endalok þjóðveldisins (sem reyndar eru svipaðar þeim sem Durrenberger kemst að).

Mannfræðingarnir sem rannsakað hafa þjóðveldisöldina leggja mikla áherslu á mótsagnir í hinu 'ríkislausu' landi Íslandi. Þjóð sem ekki býr við ríkisvald er að þeirra mati frumstæð (primitive) og menning hennar og samfélagsgerð er sams konar og annarra 'ríkislausra' þjóða og þjóðflokka. Þar má búast við að finna svipaðar reglur og viðhorf, sams konar skipan á ýmsum grundvalarreglum um samskipti fólks.

Þetta vekur spurningar um hvort Íslendingasögur og Sturlunga séu þannig verk að unnt sé að nota þau sem efnivið í mannfræðilegar rannsóknir. Þetta er líka hægt að orða svo, hvort þau séu sambærileg við texta (data) sem mannfræðingar skrá niður þegar þeir dveljast meðal "frumstæðra" þjóða?

Þeir mannfræðingar sem helst hafa fjallað um Íslendingasögur sem *mannfræðilega texta* hafa ekki komist að neinum óvæntum niðurstöðum. Margt af því hefur komið fram áður, bæði hjá sagnfræðingum og bókmenntafræðingum. Annað snertir útleggingu á nokkrum þeim viðfangsefnum sem mannfræðingar eru uppteknir af. Þar á meðal eru athuganir á gjöfum og gagnkvæmni, breytingum á erfðarétti, stöðu höfðingja og almúga, búsetu náinna ættingja, o.s.frv. Þá hafa fornleifafræðingar og mannfræðingar fengist við að kanna breytingar á dreifingu byggðar á landinu, fjölda fólks á einstökum býlum, mataræði og skepnuhald eins og það verður kannað með rannsóknnum á fornum húsarústum og ruslahaugum.

Veikasti hlekkur í rannsóknnum mannfræðinganna tengjast þjóðfélagsgerðinni og stofnunum þjóðfélagsins. Þar taka þeir ekki nógu mikið mið af rannsóknnum annarra, ekki hvað síst nýlegra athugana hagfræðinga (Þráinn Eggertsson og Birgir Þór Runólfsson hafa báðir fjallað um samspil efnahagsaðstæðna og félagsstofnana á söguöld) á stofnunum á þjóðveldisöld. Kirsten Hastrup er reyndar eini mannfræðingurinn sem fengist hefur við að lýsa í heild framvindu þjóðfélags á Íslandi með aðferðum mannfræðinnar.

Mannfræðin byggist að verulegu leyti á samanburði, en það er ekki hægt að bera saman það sem ekkert á sameiginlegt. Samfélag á Íslandi á þjóðveldisöld var ekki sprottið af engu. Þeir sem námu landið komu frá Norðurlöndum og Bretlandseyjum og bjuggu við þróaða andlega og

verklega menningu. Stofnanir þær sem landnámsmenn fluttu með sér voru þingin, og þau lög og reglur sem þeir höfðu vanist í heimalöndunum. Heimsmynd þeirra var öll önnur en afskekktar menningarhópa í fjöllum eða skógum Asú og Afríku. Hið 'ríkislausa' samfélag er ekki heldur sú staðreynd sem mannfræðingar vilja vera láta. Miðstjórnarvald var í höndum þinganna, en hins vegar varð hver og einn að annast framkvæmd þeirra mála sem dómar höfðu verið felldir um. Þegar kirkjan festist í sessi varð hún áhrifamikil stofnun sem breytti fjölmörgu, m.a. eignarétti, hjúskaparreglum, velferðarmálum, svo nefnd séu nokkur dæmi. 'Hinn félagslegi veruleiki' breyttist við tilkomu kirkjunnar og furðu gegnir hve mannfræðingar hafa lítið sinnt því að kanna hverjar þær breytingar voru.

Mannfræðingar fást gjarnan við það sem er "öðruvísi", það sem er frábrugðið eigin menningu og heimsmynd. Hastrup og fleiri mannfræðingar hafa einmitt gert mikið úr þessu "öðruvísi" og Gurevich segir beint út: "...*medieval culture is other, and let us understand that 'other'*" (Gurevich 1988).

En hvað er það sem leitað er að hjá þeim sem eru "öðruvísi"? Er það svo víst að sá félagslegi 'veruleiki' sem mannfræðingar finna í hinum fornu textum sé einmitt það sem helst er mikilvægt að kanna? Þær staðreyndir sem leitað er að eru þær sem helst er vænst að finna. Í frægri grein varpar Frances Hsu fram þeirri spurningu hvort mannfræðingar, og einkum bandarískir, leggi svo mikla áherslu á átök innan samfélaga, vegna þess að þeir alast upp í samfélagi þar sem einstaklingahyggja er ríkjandi, og einstaklingur á gjarnan í baráttu fyrir rétti sínum (Frances Hsu, "Prejudice and Its Intellectual Effect in American Anthropology: An Ethnographic Report". *American Anthropologist*, Vol.75, 1973 bls. 1-19). Slíkar spurningar eiga vissulega rétt á sér, enda kemst sá sem rannsakar samfélag manna aldrei að fullu burt frá eigin menningu og hugmyndum.

Hafa mannfræðingarnir ef til vill lagt of mikla áherslu á átök og mótsetningar í samfélagi þjóðveldistímans? Er yfirleitt unnt að tengja saman hina mörgu þráðarspotta sem samfélagið samanstendur af og finna 'fræðilega' skýringu á ferli sem er alt að því örlögbundið að mati sumra félagsvísindamanna?

Vandi mannfræðinganna sem rannsakað hafa samfélag á Íslandi á þjóðveldisöld er sá, að þeir hafa notað svipaðar aðferðir og bókmenntafræðingar og goðsagnafræðingar við að lesa úr þeim efniviði sem Íslendingasögurnar eru, og ekki enn sem komið er gert sér grein fyrir því að það samfélag sem þær lýsa er ekki 'öðruvísi' á þann hátt sem

látíð er í veðri vaka (Þetta er nokkuð flókið, en unnt að útskýra í löngu máli!). Það sem er sjálfsagt verkefni bókmenntafræðings verður ærið miklu vandasamara þegar mannfræðingur fer að fást við það.

Eru þá Íslendingasögur ónothæfar sem 'texti' fyrir mannfræðinga? Langt frá því. En þá verður að taka mið að langtum fleiri ritum og heimildum en sögunum einum. Þær geta stutt fornleifarannsóknir og rannsóknir á búsetu og mannfjölda. Þar er að finna margs konar heimildir um þjóðtrú og tengsl við hina germönsku menningu, sem aftur er angi af hinni Indó-evrópsku menningu sem rakin verður austur á Indland. Þar er að finna heillandi dæmi um útbreiðslu menningar-atríða, sagnaminna, trúarhugmynda og uppruna ýmissa félagslegra stofnana. Þetta er menning sem er langt frá því að vera einhæf, þótt hún þróist á nokkuð annan hátt í einangrun eylandsins en á meginlandinu.

Mannfræðin getur léð rannsóknum á Íslendingasögum aðferðir sínar, ekki einungis til að nota við samanburð á ýmsum þáttum menningar, heldur ekki síður til að sýna *hvernig* fólk hugsar og um *hvað*. Sögurnar segja fá því, að 'bændur flugust á' eins og Jón Ólafsson orðaði það svo snyrtilega, og það er ekki undarlegt þótt af séu sagðar sögur. En þær sögur lúta í senn fagurfræðilegum lögmálum og siðferðilegum. Íslendingasögur, eins og önnur fornrit, segja margt um þann tíma sem þær voru ritaðar á, og einnig margt um þann tíma sem sagt er frá. En þær lýsingar eru ekki endanlegar, fullgildar heimildir um samfélagslegan veruleika, heldur hluti eru lýsingarnar brotakenndar og láta mörgum spurningum ósvarað.

Það sem mannfræðin leggur af mörkum er tiltekið ransóknarsvið, nokkrar tiltölulega einfaldar aðferðir, en hún getur ekki eins sér fengist við að skýra löng og flókin ferli. Slíkt leiðir til einföldunar, sem er lítils virði. Í samvinnu við aðrar greinar félagsvísinda, sagnfræði, bókmenntafræði og trúarbragðafræði getur mannfræðin bætt ýmsu við það sem iðkendur þessara greina fást við. Íslendingasögum eru ekki þeir "ethnographic texts" sem sumir mannfræðingar hafa haldið fram, heldur hluti af langtum viðameiri heimildum um fornan tíma.

Hin merkilegu og að mörgu leyti umdeilanlegu verk Kirsten Hastrup eru benda á margvíslega möguleika í rannsókn á þjóðveldisöldinni, en eru ekki endanleg á neinn hátt. Önnur verk mannfræðinga um þetta tímabil eru brotakennd og bæta litlu við þekkingu á þróun samfélags á Íslandi. En á öðrum sviðum, t.d. í bókmenntafræði hafa fróðleg verk verið samin þar sem betri not eru af inviðahyggjunni. Mannfræðingar sem fást við sögu Íslands geta mörgu bætt við þekkingu vora ef þeir ofmeta ekki eitt svið heimilda öðrum fremur.

Rit sem vitnað er í

E. Paul Durrenberger, 1992, *The Dynamics of Medieval Iceland. Political Economy & Literature.* Iowa City. University of Iowa Press.

E.Paul Durrenberger & J. Wilcox: 1992, "*Humor as a guide to social change: Bandamanna saga and heroic values,* í *From Sagas to Society.*

Gísli Pálsson, 1992, "*Introduction: text, life and saga.* Í *From Sagas to Society.*

Gísli Pálsson,útg. 1992, *From Sagas to Society. Comparative Approches to Early Iceland.* Enfield Lock. Hisarlik Press

Gurevich,Aaron 1988, *Medieval Popular Culture.* Cambridge. C.U.P.

Hastrup, K. 1985, *Culture and History in Medieval Iceland.* Oxford. O.U.P.

Hastrup,K. 1990, *Nature and Policy in Iceland 1400 - 1800.* Oxford. O.U.P.

Hsu, Frances 1973, "*Prejudice and Its Intellectual Effect in American Anthropology: An Ethnographic Report.*" *American Anthropologist*,Vol. 75.

Meulengracht-Sörensen,P.,"*Some methodological considerations in connection with the study of the sagas.*" Í *From Sagas to Society.*

Turner,Victor W. 1971, "*An anthropological approach to the Icelandic saga* " Í *The Translation of Culture,* útg. T.O. Beidelman. London. Tavistock.